

*Stefna um fjölbreytileika,
jafnrétti og þátttöku*



Markmið

Stefnu þessari er ætlað að ýta undir fjölbreytileika, jafnrétti, þátttöku og almenn mannréttindi í starfsemi Stefnis hf. (hér eftir „Stefnir“ eða „félagið“).

Stefna um fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku¹ hefur það að markmiði að móta eftirsóknarvert og sanngjarnt starfsumhverfi, ásamt því að styðja við velferð alls starfsfólks Stefnis og stjórnar félagsins. Stefnan stuðlar að því að öll, sem hafa sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð, hafi jöfn tækifæri og kjör, og ýtt sé undir fjölbreytileika í samsetningu starfsfólks og stjórnar félagsins.

Eitt af yfirlýstum markmiðum stjórnar Stefnis, er að félagið sé fyrirmyndarfélag sem byggir á fjölbreytileika og endurspeglar það samfélag og þá viðskiptavinum sem við þjónustum.

Vinnustaðurinn

Fjölbreytileiki og jafnrétti eru grundvallaratriði í daglegum störfum Stefnis, og endurspeglast vinnustaður Stefnis m.a. í fjárfestingu fyrir hönd þeirra sjóða sem Stefnir stýrir samkvæmt umboðsskyldu sinni.

Mannréttindi og jafnrétti eru virt í allri starfsemi Stefnis. Mismunur, áreitni², einelti

og ofbeldi í störfum starfsfólks félagsins verður því ekki liðið. Hvers kyns mismunur er í andstöðu við stefnu þessa og er ólögleg samkvæmt jafnréttislögum nr. 150/2020 og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Innan Stefnis verður stuðlað að jöfnum tækifærum fyrir öll, þ.m.t. jafnir möguleikar á endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun starfsfólks. Hver og einn starfsmaður skal vera metinn óháð uppruna, þjóðernis, trúar, kyns, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar.

Sérstök áhersla er lögð á að Stefnir sé eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og heldur í framúrskarandi starfsfólk. Fjölbreytt vinnuafli er samkeppnisforskot sem bætir árangur félagsins og skal því ríkja jákvætt og hvetjandi vinnuumhverfi innan Stefnis sem styður við starfsfólk í lífi og starfi.

Við virðum ólík sjónarmið annarra og ástundum gagnrýna hugsun. Við trúum því að gagnrýnin umræða skapi grundvöll að betri ákvarðanatöku.

Stefnir birtir Jafnréttisáætlun sem setur fram markmið félagsins í jafnréttismálum til þriggja ára í senn.

¹ **Fjölbreytileiki** (e. diversity) er skilgreindur sem tilvist mismunar í tilteknu sambandi, svo sem uppruna, þjóðernis, trúar, kyns, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar

Jafnrétti (e. equality) er lýst sem aðgengi að jöfnum tækifærum til að njóta eigin atorku óháð skilgreindum mismun.

Þátttaka eða inngilding (e. inclusion) er lýst sem þeim aðgerðum sem hrint er í framkvæmd til að skilja, styðja við og nýta einstaka styrkleika og margbreytileika einstaklinga þannig að þeir upplifi að þeir séu velkomnir og metnir.

² Áreitni kann t.a.m. að vera kynferðisleg, kynbundin eða kynþáttabundin.



Fjölbreytileiki, jafnrétti og þátttaka starfsmanna

Stjórn Stefnis hefur sett félaginu markmið sem eiga að stuðla að fjölbreytileika, jafnrétti og þátttöku innan þess og í störfum, samkvæmt umboðsskyldu:

1. Við ráðningu starfsfólks verði sérstaklega hugað að fjölbreytileika sem styrkir teymi félagsins.
2. Að félagið sé kynnt ólíkum samfélagshópum, þ.m.t. nemendum til að ýta undir áhuga á félaginu sem starfsvettvangi.
3. Rýna alla boðmiðlun félagsins í ræðu og riti með það fyrir augum að hvetja til fjölbreytileika og gæta að jafnréttissjónarmiðum.
4. Að starfsfólk og aðrir haghafar séu fræddir um mikilvægi fjölbreytileika, jafnréttis og þátttöku á vinnustaðnum.
5. Að jafna kynjahlutfallið þannig að hlutfall kvenna nemi hið minnsta 40% af fjölda starfsfólks.

6. Að stuðlað sé að sveigjanleika í starfi og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Stefnir styður við og hvetur allt starfsfólk til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt eftir og skal hann bregðast við frávikum með viðeigandi hætti. Stefnunni er einnig ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan félagsins og hún gildir um alla starfsemi þess. Starfsfólk er hvatt til að tilkynna sínum yfirmanni eða öðrum samkvæmt verkferli þar um, ef það telur mismunun, áreitni, einelti eða ofbeldi hafa átt sér stað í starfsemi félagsins.

Endurskoðun stefnu, birting og gagnsæi

Stefna þessi og markmið hennar eru endurskoðuð eins oft og þurfa þykir af stjórn og birt á heimasíðu félagsins. Í árlegri ófjárhagslegri upplýsingagjöf Stefnis sem byggir á UFS leiðbeiningum Nasdaq OMX má finna upplýsingar um félagslega þætti og stjórnarhætti í starfsemi Stefnis.